

4. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Raufarhafnarhrepps staðfestist hér með samkv. 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki svo og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 23. júní 1976.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Hafnarfjarðar.

I. RAFORKA

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, er hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kWst.-mæli á kr. 48.64 hverja kWst.
2. Um kWst.-mæli á kr. 20.94 hverja kWst. auk fastagjalds, er nemi kr. 6 314 á ári fyrir allt að 25 m² gólfplatarmáls í rúmi því, er lýsa skal og kr. 119 fyrir hvern m² umfram 25 m². Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 60 á m² á ári.

Séu notaðir flúrskinslampar, natriumlampar eða kvikasilfurslampar með ófasviksjöfnuðum straumrásum, er heimilt að miða orkugjald skv. 1. og 2. tölulið við kílóvoltamperstundir í stað kílóvattstunda.

B. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 10.57 hverja kWst. og auk þess fastagjald kr. 1 087 á ári fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur.

C. Vélanotkun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 20.94 hverja kWst.
2. Um mæla þannig reiknað, enda sé aflnotkun minnst 5 kW. Aflgjald skv. kW-mæli á kr. 11 514 hvert ár kW. Auk þess skal greitt orkugjald skv. kWst.-mæli á kr. 4.15 hverja kWst. Minnsta aflgjald er kr. 57 570 á ári. Verði raunstuðullinn lægri en 0.8 er heimilt að miða aflgjaldið við 90% af mestu kWA-notkun í stað mestu kW-notkunar.

D. Hitun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 8.06 hverja kWst.
2. Um kWst.-mæli á kr. 10.81 hverja kWst.
3. Um kWst.-mæli á kr. 2.61 hverja kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags Rafveitunnar.

4. Um kWst.-mæli á kr. 3.80 hverja kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags Rafveitunnar.
5. Um kWst.-mæli á kr. 1.36 hverja kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 12 klst. á sólarhring.
6. Um kWst.-mæli á kr. 1.98 hverja kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 12 klst. á sólarhring.

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- a) Að vélaafl, götulínur og spennur þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
- b) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
- c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð skv. fyrir mælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastíllar notaðir, þegar þess er krafist.
- d) Að húsnæðið fullnægi þeim lágmarkskröfum um einangrun sem rafveitan kann að setja.
- e) Að lagðar séu fram niðurstöður úrteikninga á hitaþörf þess húsrýmis, er hita skal, þegar þess er krafist og skal þá tekið fram, við hvaða minnsta útihita hitaþörfin er miðuð.

E. Stórnotkun.

1. Um mæla þannig reiknað, enda sé aflnotkun minnst 200 kW.
Aflgjald: Kr. 20 985 hvert árs-kW.
Orkugjald: Kr. 2.34 hverja kWst.
Sala skv. þessum lið er háð ákvörðun Rafveitunefndar.

F. Önnur notkun.

1. Rafveitustjóra er heimilt að veita afslátt frá framangreindum verðlagsákvæðum á liðunum A til D á orku, sem er notuð á sumrin, ef um töluverða aukningu frá vetrarnotkun er aðræða, eða ef orkan er eingöngu notuð á sumrin.
2. Til nota við vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur. Um kWst.-mæli á kr. 25.53 hverja kWst.
3. Gjöld fyrir götu og hafnarlýsingu: Kr. 66 789 hvert árskiló watt, þótt mælitækjum verði ekki við komið, enda greiði þá notandi að auki stofnkostnað og viðhaldskostnað að fullu eftir ákvörðun rafveitunnar. Þó ákveður bæjarstjórn gjald fyrir götulýsingu í Hafnarfirði samkv. tillögu Rafveitunefndar sem gerð skal árlega við afgreiðslu fjárhagsáætlunar bæjarins.
4. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn nema samþykki Rafveitunefndar komi til.

G. Mælaleiga.

1. Af einfasa mælum kr. 58 á mánuði.
2. Af þrífasa mælum til og með 100 A, kr. 137 á mánuði.
3. Af þrífasa mælum yfir 100 A, kr. 260 á mánuði.
4. Af mestu mælum kr. 450 á mánuði.
5. Ársleiga eftir önnur mælitæki og rofa skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi tækis.

II. HEIMTAUGAGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Fari lengd jarðlínuheimtaugar fram úr 15 m eða loftlínuheimtaugar fram úr 40 m skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir:

Málstraumur stofnvara	Jarðlína		Loftlína	
	Lágmark kr.	Yfirlengd kr./m.	Lágmark kr.	Yfirlengd kr./stólpa
220 V KERFI				
63 A 1-fasa	37 800	2 110	28 500	27 800
100 A 1-fasa	45 700	2 520	36 200	34 700
63 A 3-fasa	47 100	2 520	36 200	34 700
100 A 3-fasa	59 600	2 860	41 100	43 200
125 A 3-fasa	73 000	3 200	51 400	45 288
200 A 3-fasa	113 900	4 340	81 400	51 700
300 A 3-fasa	164 400	5 280		
380 V KERFI				
63 A 1-fasa	37 800	2 110	32 400	27 800
63 A 2-fasa	45 700	2 110	32 600	32 400
63 A 3-fasa	63 900	2 520	49 100	34 700
100 A 3-fasa	101 000	2 860	73 000	43 200
125 A 3-fasa	126 100	3 200	88 700	45 288
200 A 3-fasa	197 700	4 340	140 000	51 700
300 A 3-fasa	284 800	5 280		

Fyrir heimtaugar með meiri flutningsgetu en taflan segir til um (hér kann að þurfa dreifistöð) skal greitt heimtaugargjald er nemi kr. 1 563 á hvert kVA. Skal þá miða aflið við varastærðirnar 425, 500 og 630 A. Yfirlengdargjald reiknast þá í hlutfalli við aukna flutningsgetu eftir 300 A skv. töflunni.

Lengd jarðlínuheimtaugar, 63—200 A í 220 V kerfi og 63—125 A í 380 V kerfi reiknast frá varkassa stystu greiðfæru leið að lóðarmörkum. Þurfi að leggja jarðlínuheimtaug af ofangreindum stærðum út frá loftlínu, skal lengd heimtaugar reiknuð jöfn lengd jarðstrengs frá varkassa að loftlínustólpa. Þveri jarðlínuheimtaugin akbraut, skal breidd akbrautar ekki reiknuð með. — Lengd stærri jarðlínuheimtaugar en að ofan greinir reiknast frá varkassa að rofa í dreifistöð. Yfirlengd reiknast ekki af vegarlengd, sem er umfram 100 m frá varkassa. Yfirlengdin reiknast sem yfirlengd jarðlínu skv. töflu, þótt heimtaugin sé tekin frá loftlínu. Lengd loftlínuheimtaugar, 63—100 A í 220 og 380 V kerfi, reiknast frá næsta stólpa í notendalínu við götu stystu greiðfæru leið að varkassa. Þurfi að setja stólpa fyrir heimtaug nær húsi en 40 m, svo að hún nái löglegri hæð, skal greitt umframgjald kr. 17 000 fyrir stólpann.

Séu tvær eða fleiri heimtaugar sameiginlegar að hluta er rafveitunni heimilt að jafna lengdargjöldum niður á umsækjendur heimtauga. Sé nauðsynlegt að setja upp dreifistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina skv. kostnaði, en gera honum viðvart um það fyrirfram.

Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin eða ef breyta þarf loftlínuheimtaug í jarðlínuheimtaug vegna breytinga á stofnlínu í götu, skal húseigandi greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu kann að stafa. — Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Bessastaðahrepps.

III. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald skv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar fyrir veituna hafi komið, skal taka gjald fyrir endurofnun kr. 1 100.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt 1 100 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar. Sé opnað utan venjulegs vinnutíma, er þó heimilt að krefjast opnunargjalds samkv. kostnaði.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

Rafveitunefnd er heimilt að breyta hitatöxtum til samræmingar við nágranna-veiturnar.

Hækki innkaupsverð á raforku, er Rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þess allt að 48% af þeirri hækkun.

Fyrir full 5% sem kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar hækkar eða lækkar, hvort heldur er sökum breytinga á grunnkaupi eða kaupgjaldsvisitölu eftir 1. júní 1976, er Rafveitunefnd heimilt að hækka eða lækka gjaldskrá þessa um 4%. Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu er því aðeins gild, að til komi sérstakt samþykki Iðnaðarráðuneytisins.

Söluskattur 18%, 1% viðlagasjóðsgjald, 1% í sjóð til að draga úr áhrifum verðhækkana á olíu til íbúðahitunar og 13% verðjöfnunargjald, samtals 33%, eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla gjaldskrár þessarar nema á töxtum D1, D3 og D5.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að taka gildi 1. júlí 1976. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis.

Iðnaðarráðuneytið, 29. júní 1976.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Keflavíkur og Rafveitu Gerðahrepps.

I. RAFORKA

Rafveita Keflavíkur og Rafveita Gerðahrepps selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir: